

Nd.

413. Nefndarálit

[203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með þessu frumvarpi er lagt til að útflutningsgjald af sjávarafurðum verði lækkað úr 6% í 5% af fob.-verðmæti til útflutnings. Það leiðir af sér, að tekjur þeirra sjóða og annarra verkefna, sem útflutningsgjaldið nær til, lækka um nál. 1 600 millj. króna.

Það eru aðallega þrír sjóðir sem tapa hér verulegum tekjum: Tryggingasjóður fiskiskipa 592 millj. kr., Aflatryggingasjóður 568 millj. kr. og Fiskveiðasjóður Íslands 416 millj. kr.

Eftir atvikum getum við fallist á að Tryggingasjóður og Aflatryggingasjóður láti af hendi þessar tekjur á þessu ári, en teljum að ef Aflatryggingasjóður þarf á auknu fjármagni að halda vegna óvæntra bóta, sé ríkisstjórninni skylt að útvega það fjármagn til þess að sjóðurinn standi fyrir því hlutverki, sem honum er ætlað lögum samkvæmt.

Fiskveiðasjóður Íslands er engan veginn fær um að eigin ráðstöfunarfé hans sé skert, og erum við því mótfallnir. Við getum því engan veginn fallist á að samþykkja frumvarpið eins og það er nú og munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. mars 1979.

Sverrir Hermannsson,
frsm.

Matthías Bjarnason.